



Áfangalýsing ML

Titill:	Réttarvísindi
Námsgrein:	Réttarvísindi
Viðfangsefni:	Réttarvísindi
Skammstöfun:	RVÍS1IR05
Þrep:	1
Einingafjöldi:	5
Lýsing:	Réttarvísindi er valáfangi fyrir alla nemendur sem hafa áhuga á vísindalegri nálgun við lausn glæpamála. Í áfanganum eru marvíslegir þættir teknir fyrir s.s. gerð sönnunargagna og söfnun þeirra á vettvangi. Úrvinnsla sönnunargagna í verklegu eða frá raunverulegum eða tilbúnum dæmum um glæpamál. Dæmi um úrvinnslu er greining erfðaefnis (DNA), mat á blóðslettum og leit að vísbendingum um sök með krufningu. Einnig verða kynntar afleiðingar ákveðinna eitrana og fingraför greind. Nemendur kynna sér valin sakamál og þurfa að vinna að lausn verkefna í tengslum við þau. Námið er leiðsagnarnám með áherslu á jafningjafræðslu. Nemendur taka þátt í öflun þekkingar og að móta viðfangsefni kennslustunda með kennara.
Forkröfur:	LÍFF1UF04
Þekkingarviðmið:	Þekkingarviðmið - Nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á: • grunnatriðum réttarvísinda • helstu sönnunargögnum sem safnað er • hvernig fingraför eru tekin • meðferð blóðsýna • grunnatriðum í greiningu DNA úr lífsýnum á vettvangi • blóðslettum og greiningu á þeim.
Leikniviðmið:	Leikniviðmið - Nemandi skal hafa öðlast leikni í að: • finna sönnunargögn • finna og taka lífsýni • taka fingraför og lesa úr þeim • skoða blóðslettur og greina þær • framkvæma verklegar æfingar og vinna úr niðurstöðum þeirra
Hæfniviðmið:	Hæfniviðmið - Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að: • sýna sjálfstæði í vinnubrögðum og bera ábyrgð á eigin námsframvindu • vinna í hóp til þess að auka skilning á fyrirbærum og ferlum í réttarvísindum



**MENNTASKÓLINN
AÐ LAUGARVATNI**

manngildi, þekking, atorka

	sjá notagildi réttarvísindanna og geta útskýrt þau fyrir samnemendum
Námsmat	Námsmat er útfært í kennsluáætlun.